

Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði í Langanesbyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 8. maí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um lagningu nýs 7,6 km Norðausturvegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Langanesbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Mílu og Rarik.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði, Langanesvegur – Vatnadalur í Langanesbyggð. Mat á umhverfisáhrifum, fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin – Mannvit. Maí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Langanesbyggð dags. júní 2023
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra dags. 19. júní 2023
- Minjastofnun Íslands dags. 31. maí 2023
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 14. júní 2023
- Umhverfisstofnun dags. 9. júní 2023
- Mílu dags. 17. maí 2023

Ekki barst umsögn frá Rarik.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 5. júlí 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu nýs 7,6 km Norðausturvegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð. Til stendur að byggja nýjan Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði, frá vegamótum Langanesvegur (869) og Norðausturvegar, sunnan Þórshafnar, að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og Brekknaheiði. Meginmarkmiðið með framkvæmdinni er að bæta umferðaröryggi og samgöngur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar en núverandi vegur er langur og mjór malarvegur, víða með bröttum vegfláum. Vegurinn verður endurbyggður á 1,3 km löngum kafla en á um 6,3 km löngum kafla mun hann liggja í nýju vegstæði. Framkvæmdin felur í sér að vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869) við Þórshöfn færast um 140 m til suðurs frá núverandi legu. Nýr vegur verður hærri og breiðari en núverandi vegur og vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869) verða upplýst. Nýr vegur verður 7 m breiður með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi og breidd vegsvæðis verður 15 m til beggja handa frá miðlínu vegar, eða samtals 30 m breitt. Hönnunarhraði verður 90 km/klst. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum og raska votlendi sem nýtur verndar 61. gr. laga um náttúruvernd. Vegna nálægðar við stofnlögn vatnsveitu Þórshafnar var ekki talið mögulegt að endurbyggja



núverandi veg á öllum kaflanum. Því er ný veglína við hlið núverandi vegar í hæfilegri/öruggri fjarlægð frá vatnslögn. Hönnunarforsendur miða við að árdagsumferð (ÁDU) aukist úr 92 ökutækjum árið 2021 yfir í 150-200 ökutæki árið 2041.

Heildarefnisþörf framkvæmdarinnar er áætluð um 195.000 m³. Gert er ráð fyrir að efni til fyllingar og fláafleyga (163.000 m³) komi að mestu úr námum meðfram veginum en einnig verður nýtt efni úr vegskeringum (25.000 m³). Allar námurnar eru á aðalskipulagi. Frágangur efnistökusvæða verður samkvæmt leiðbeiningum af vefnum namur.is en í megindráttum verður reynt að ganga þannig frá að efnistökusvæði falli sem best að umhverfinu og að ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er. Í þeim námum þar sem fyrir er gróður- og moldarblandaður jarðvegur, verður hann tekinn ofan af námusvæðinu og notaður til að jafna yfir svæðið að efnistöku lokinni.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Landnotkun

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdirnar kalli á breytingar á lögnum sem liggja við veginn. Hætta sé á að fjarskiptastrengur Mílu raskist og sömuleiðis jarðstrengur Rarik, einnig geti vatnslögn sveitarfélagsins raskast við framkvæmdirnar en haft verði samráð við ofangreinda aðila vegna framkvæmdarinnar.

Ásýnd

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að endurbættur vegur verði byggður meira upp úr landi en núverandi vegur, vegurinn verði breiðari með meira aflíðandi fláum auk þess sem sjónlengdir aukist og hann verði jafnari í landinu. Útsýni þeirra sem um svæðið fara muni ekki breytast mikið fyrir utan það að vegurinn verður lagður bundnu slitlagi. Gengið verði frá námum þannig að þær falli vel að landi og ummerki þeirra verði lítil. Með tímanum muni þessi áhrif minnka eftir því sem gróður nær sér á strik á röskuðum svæðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að leggja skuli áherslu á vandaðan frágang og umgengni um svæðið. Þar sem efnistaka verði í jökulruðningsholtum ætti að reyna að fjarlægja hryggi algerlega þannig að við frágang verði unnt að tengja námusvæðin við votlendi þar sem það er aðliggjandi. Leggja ætti áherslu á að leggja námuvegi um þurrlendi þótt velja verði lengri leiðir, vegina ætti síðan að fjarlægja að notkun lokinni ásamt núverandi vegi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reynt verði eftir fremsta megni að ganga frá efnistökusvæðunum þannig að þau falli sem best að umhverfinu. Vegagerðin áformi að ganga endanlega frá námum og að hryggir í jökulruðningsholtum verði fjarlægðir. Ekki sé gert ráð fyrir að núverandi vegur verði afmáður nema að litlu leyti, hann verði nýttur sem reiðleið og girðingastæði. Námuvegir hafi ekki verið fullhannaðir en reynt verði að finna þeim stað um þurrlendi.

Gróður og jarðvegur

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Náttúrustofa Austurlands hafi verið fengin til að taka út gróður og vistgerðir á Brekkaheiði árið 2019 vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Skýrslan fylgir í heild í viðauka 1. Þar er m.a. að finna lýsingu á þeirri aðferðafræði sem beitt var við athuginina. Í greinargerð Vegagerðarinnar segir m.a. að gróður á rannsóknarsvæðinu sé fjölbreyttur, veglínan muni liggja í gegnum tún í notkun og gömul tún í órækt, gróskumikið mólendi sem og gróðurlítill flög og votlendi. Tuttugu vistgerðir í fimm vistlendum voru kortlagðar á rannsóknarsvæðinu. Vistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi þeki samanlagt 41% af rannsóknarsvæðinu eða um



30% af rasksvæðinu og má þar til að mynda nefna Brokflóavist, Runnamýravist á láglandi, Tjarnastararflóavist og Starungsmýrarvist.

Á námusvæðum þeki mólendi með miðlungs verndargildi um 38% námusvæða. Runnamýravist á láglandi sé eina vistgerðin með mjög hátt verndargildi sem finnst á námusvæðum og hún þeki um 7% af námusvæðum.

Votlendi voru einnig algeng vistlendi á svæðinu eða um 41% af vistgerðum innan rannsóknarsvæðis. Umfang votlendissvæða sé meira ef tekin er heildarstæð votlendisvistgerða sem nái inn á rannsóknarsvæðið, þá sé votlendi á jaðarsvæðum nokkurra náma. Meirihluti votlendissvæða voru stærri en 20.000 m² og njóti því verndar skv. lögum um náttúruvernd. Framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að framkvæmdir valdi beinu raski á um 52.330 m² af votlendi ef miðað sé við um 15-40 m breitt rasksvæði.

Alls fundust 145 tegundir æðplantna í vettvangsrannsóknum. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á válista fundust í athugunum. Reynt verði að raska gróðri og jarðvegi sem minnst við byggingu nýs vegar um Brekkaheiði. Nokkur hluti nýs vegar muni liggja í eða við hlið núverandi vegstæðis svo ekki þurfi að brjóta nýtt land fyrir alla veglínuna. Farið verði fram á vandaðan frágang þeirra svæða sem verði raskað vegna framkvæmdanna. T.a.m. verði skeringar og námur ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur og frágangi hagað þannig að ekki myndist vindaálag á lausan jarðveg. Leitast verði við að endurheimta staðargróður á röskuðum svæðum og þau jöfnuð og grædd upp. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verði aðlagðar að landinu í kring og þess gætt að ekki myndist í þeim vatnssuppistöður. Vegagerðin muni endurheimta votlendi í stað þess sem raskast. Rask á landi verði um 16,8 ha. Framkvæmdaraðili meti áhrif á gróður og jarðveg nokkuð neikvæð en með mótvægisáðgerðum og skilyrðum um endurheimt staðargróðurs í verklýsingum fyrir framkvæmdina verði áhrifum haldið í lágmarki.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að við endurheimt votlendis ætti að horfa til þess að í því felist ágóði fyrir fuglategundir. Endurheimt búsvæða mófugla með t.d. landgræðslu ætti einnig að skoða sem mótvægisáðgerð.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni endurheimta votlendi í stað þess sem raskast, röskuð svæði verði jöfnuð og grædd upp í samráði við Umhverfisstofnun og Vegagerðin muni leitast við að nota grenndargróður við uppgræðslu á röskuðum svæðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skoða ætti hvort unnt sé að hnika til vegi við Botna til þess að krækja fyrir votlendi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að við nánari hönnun verði skoðað hvort möguleiki sé á að hnika veglínunni norður fyrir votlendið við Botna líkt og Umhverfisstofnun leggi til. Líklega nái votlendið lengra en sýnt sé á mynd í skýrslunni, en hún sýni votlendissvæðið sem skráð var í vettvangsferð Náttúrustofu Austurlands þar sem farið var yfir rannsóknarsvæði sem miðaði við ákveðna fjarlægð frá miðlínu vegar og því sé kortlagningin háð þeirri afmörkun.

Fuglalíf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Náttúrustofa Austurlands hafi verið fengin til að taka út fuglalíf á Brekkaheiði sumarið 2020 vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Niðurstöður úttektarinnar hafi verið að tegundafjölbreytni fugla sé nokkur á rannsóknarsvæðinu. Reiknaður heildarfjöldi para/óðala á svæðinu var alls 251 stk. Innan áhrifasvæðis veglínunnar. Algengustu tegundirnar voru þúfutittlingur og heiðlóa. Lágmarkspéttleiki, þ.e. fjöldi talinna para/óðala á km² voru 32 pör/óðöl á km² óháð tegund.

Einnig kemur fram að fyrirhugaður vegur liggi ekki um mikilvægt fuglasvæði en fjögur slík svæði liggi í innan við 30 km fjarlægð. Ólíklegt sé að veglagningin í Brekkaheiði hafi áhrif á fugla á þeim



svæðum. Framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fuglalíf á meðan á framkvæmdum standi og gert sé ráð fyrir einhverju búsvæðatapi en þau áhrif verði óveruleg.

Samfélag

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að verið sé að styrkja samgöngukerfi sveitarfélagsins og auka öryggi vegfarenda með framkvæmdinni. Lagning vegarins komi til með að verða mikil samgöngubót. Bættar samgöngur hafi jákvæð áhrif á byggð á svæðinu sem og alla þá sem eigi leið um svæðið. Þá muni bættur vegur nýtast flutningabílstjórum við flutning á varningi um Norðausturland en núverandi vegur standist ekki öryggiskröfur né kröfur til burðarþols. Með klæðningu muni aðstæður í og við veginn batna til muna með tilliti til hljóð- og rykmengunar.

Aukin umferð muni verða á svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur og hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu muni aukast á framkvæmdatíma en verði minni að loknum framkvæmdum þegar vegurinn verði öruggari.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að vélknúin tæki skuli vera í fullkomnu lagi og yfirfarin áður en þau verði tekin í notkun.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í útboðslýsingu Vegagerðarinnar verði vísað í Öryggishandbók Vegagerðarinnar þar sem gerð verði krafa um gott ástand ökutækja, og að vélar og tæki fari í reglulegt lögbundið eftirlit.

Fornleifar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að Fornleifastofnun Íslands hafi gert úttekt á fornleifum á Brekknaheiði haustið 2019 vegna fyrirhugaðra framkvæmda. 39 fornminjar hafi fundist og verið skráðar innan áhrifasvæðis, 4 þeirra innan námusvæða sem nota eigi við framkvæmdirnar. Meiri hluti þeirra reyndist vera heystæði, leiðir og mógrafir. Úttektarsvæðið náði að Þórshöfn og þar fundust minjar sem tengdust fyrstu árum byggðar, t.d. vatnsstöð og kálgarður. Einnig voru nokkrar minjar skráðar sem ekki höfðu náð 100 ára aldri og teljist því ekki til fornminja en þótti mikilvægt að skrá. Allar minjar innan úttektarsvæðis voru skilgreindar í stórhættu vegna vegafamkvæmda en 10 af þeim voru innan við 30 m frá miðlínu nýs vegar og muni að öllum líkindum raskast við framkvæmdirnar. Allar minjarnar á námusvæðum séu í stórhættu vegna námuvinnslu en Vegagerðin hafi breytt námusvæðunum þannig að unnt sé að virða 15 m helgunarsvæði minjanna fjögurra á námusvæðunum. Minjarnar verði að auki merktar á áberandi hátt áður en framkvæmdir hefjist.

Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar nokkuð neikvæð. Við hönnun vegarins hafi verið tekið tillit til fornminja eins mikið og mögulegt sé en ekki verði hjá því komist að raska minjum við framkvæmdina. Minjastofnun Íslands verði fengin til að skera úr um hvort þær megi víkja og með hvaða skilyrðum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að hafa þurfi samband með góðum fyrirvara svo tími verði til að vinna þær mótvægisáðgerðir sem stofnunin fari frammá.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 með breytingum 2022.

Framkvæmdarleyfi þarf frá Langanesbyggð skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra vegna tímabundinnar aðstöðu verktaka og starfsmanna og ef framkvæmdir geta haft í för með sér mengun skv. reglugerð um losun frá



atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig þarf starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirlitinu ef setja þarf upp mótuneyti vegna framkvæmdanna skv. matvælalögum.

Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands ef raska þarf fornminjum skv. lögum um menningarminjar.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu nýs 7,6 km Norðausturvegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Jafnframt ber að líta til eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða vegaframkvæmd sem er nokkuð umfangsmikil varðandi efnisþörf eða um 195.000 m³ við lagningu 7,6 km Norðausturvegar um Brekknaheiði. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugað framkvæmdar felist einna helst í áhrifum á gróður, jarðveg og fornleifar. Tæp 163.000 m³ sem þarf til fyllinga og fláafleyga fæst úr námum meðfram vegi, ásamt 25.000 m³ af efni sem fæst úr vegskeringum. Gera má ráð fyrir staðbundnu ónæði á framkvæmdatíma.

Stofnunin telur að rask sem fylgir framkvæmdinni hafi minniháttar áhrif á fuglalíf og landslag og ásýnd, þó beri að leggja áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til að draga úr líkum á mögulegum áhrifum. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að leggja ætti áherslu á að námuvegir verði lagðir um þurrlendi.

Nýr vegur mun valda óafturkræfu raski á fornminjum og votlendi en framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum og koma að öllum líkindum til með að raska um 10 minjum. Um 52.330 m² af votlendi sem nýtur verndar 61. gr. laga um náttúruvernd muni einnig raskast. Vistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi þekja samanlagt um 30% af rasksvæði framkvæmdarinnar og má þar t.a.m. nefna Starungsmýravist sem hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Vegagerðarinnar varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið, þ.e. skeringar verða lagaðar að landslagi í kring og þess gætt að ekki myndast í þeim vatnsuppistöðum, grenndargróður verður notaður við uppgræðslu á röskuðum svæðum, auk þess sem gróður- og moldarblandaður jarðvegur verður tekinn ofan af námusvæðinu og notaður til að jafna yfir svæðið að efnistöku lokinni. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur og frágangi hagað þannig að ekki myndast vindaálag á lausan jarðveg. Endurheimta þarf jafn stórt votlendi og sem nemur því sem raskast við framkvæmdirnar. Að mati Skipulagsstofnunar þarf í framkvæmdaleyfi að kveða sérstaklega á um frágang að efnistöku lokinni sem og skilyrði þess efnis að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en Minjastofnun hefur fallist á mótvægisáðgerðir vegna fornminja.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 25. ágúst 2023.

Reykjavík, 20. júlí 2023

Sigurður Ásbjörnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

